

Gleðilegt ár kæru félagsmenn

Stjórn Tilveru hefur staðið fyrir ýmsu síðastliðið stjórnarár. Þrjár fræðslufundir voru haldnir. Fyrsti þann 23. maí þar sem Kolbrún Ragnarsdóttir fjallaði um tilfinningaleg viðbrögð við áfalli. Annar var 4. september og bar yfirskriftina „Sálrænar hliðar ófrjósemi“. Sá þriðji var haldinn 30. október undir yfirskriftinni „Hvaða áhrif hefur ófrjósemi á líf þitt?“ Dr. Gyða Eyjólfsdóttir var fengin til að fjalla um þessi málefni. Vel var mætt á þessa fræðslufundi en auðvitað vonumst við til þess að mætingin verði enn betri á þessu ári.

Fyrsti fræðslufundurinn á þessu ári var haldinn 13. febrúar. Yfirskriftin var „Hvernig eru aðstæður barnlausra Íslendinga í samanburði við Norðurlöndin“. Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi og doktorsnemi var með þennan fyrirlestur. Mætingin var mjög fin og fyrirlesturinn mjög fróðlegur.

Næsti fræðslufundur verður svo haldinn 21. maí kl 20 á Hilton Reykjavík Nordica. Við hvetjum félagsmenn okkar til að mæta á fundinn og takið endilega vini og ættingja með.

Grillveisla

Þann 19. ágúst stóð Tilvera fyrir grillveislu í Heiðmörk og fengum við alveg frábært veður. Þar mættu nokkrir af félagsmönnum okkar og fengu grillaðar pylsur og drykki. Höfðu allir ánægju af sem mættu og var sérstaklega ánægjulegt að sjá öll óskabörnin. Hlökkum við til að sjá enn fleiri í næstu grillveislu, sem verður haldin að venju í ágúst.



Bók um ófrjósemi á Íslensku

Undirbúningur á útgáfu bókar um ófrjósemi er enn í fullum gangi og mun vonandi líta dagsins ljós á þessu ári. Við óskum eftir reynslusögum í bókina og vonumst til að fá sem flestar, til að hægt sé að sýna eins margar hliðar frjóseminnar og mögulegt er. Rétt nöfn þeirra sem í hlut eiga þurfa ekki að koma fram í endanlegri útgáfu. Ef þið viljið frekari upplýsingar eða hafið áhuga á að segja ykkar sögu endilega hafið samband við stjórnina á tilvera@tilvera.is.

Notalegt spjall í notalegu umhverfi

Kaffihúsafundir hafa verið haldnir þriðja þriðjudag í mánuði á Kaffihúsinu lðu en ákveðið hefur verið að færa fundina á Kaffi París í Kringlunni það verður með sama sniði, þriðji þriðjudagur í mánuði kl 20. Fundirnir eru rólegir og notalegir og hlökkum við til að sjá sem flesta mæta og spjalla við okkur.

Frjósemisorðin

Með fyrsta fréttabréfinu í ár kemur gjöf frá félaginu, þetta eru seglar með frjósemisorðum sem stjórnin hefur unnið lengi að. Það er mikil gleði að okkur hefur loksins tekist að koma þessari finu gjöf til ykkar. Hugsunin á bak við seglana er sú að vera með hvatningu fyrir framan okkur á hverjum degi, þar sem baráttan við ófrjósemi getur verið þreytandi og mikil rússíbanuferð og því gott að hafa hvatningu og áminningu fyrir augum. Vona að þið verðið jafn glöð með þetta og við erum.

Styrkur félagsins er fjöldi félagsmanna

Alls hafa 65 félagsmenn greitt félagsgjöld þetta árið, en yfirleitt er þar skráð saman og borga því aðeins eitt félagsgjald. Nýir félagsmenn eru 49 og bjóðum við þá velkomna í félagið. Því miður voru 21 sem sögðu sig úr félaginu og viljum við minna á að styrkur félagsins er í fjölda félaga.

Tilvera út fyrir malbikið

Það er okkur mikil gleði að geta starfað með félagsmönnum okkar út um allt. Við fengum bréf frá hjónunum Þránni Brjánssyni og Petru Sif Gunnarsdóttur, sem búsett eru á Akureyri, þar sem þau buðu fram krafta sína. Þau munu verða tengiliðir stjórnar Tilveru á norðurlandi. Í samvinnu við þau ætlum að hafa kaffihúsafund á Akureyri þann Tímasetning á kaffihúsinu staðsetning. Vonumst við til að sjá sem flesta félagsmenn okkar á svæðinu mæta.

Aðalfundur – ný stjórn

Aukaaðalfundur var haldinn 4. september þar sem kosið var um nafnabreytingu á félaginu. Niðurstaðan var sú að nafni félagsins yrði breytt í “Tilvera, samtök um ófrjósemi”. Var sú nafnabreyting staðfest á aðalfundinum sem haldinn var miðvikudaginn 30. október. Þar var stiklað yfir störf stjórnarinnar síðastliðið stjórnarár og farið yfir bókhald félagsins. Einnig var kosið í stjórn Tilveru.

Stjórnina skipa nú:

Elín Einarsdóttir, formaður
Alma Birna Bragadóttir, varaformaður
Hulda Hrönn Friðbertsdóttir, gjaldkeri
Arndís Berndsen, ritari
Guðbjörg Birna Jónsdóttir, meðstjórnandi,
Árný Eva Sigurvinsdóttir, varamaður,
Katrín Björk Baldvinsdóttir, varamaður
Fráfarandi stjórnarmeðlimum, Kristni Jóni Eysteinessyni og
Árna Þór Arnórssyni þökkum við vel unnin störf síðustu ára.



Með fyrsta fréttabréfi Tilveru 2008 fylgir reynslusögu Katrínar og Eypórs, hún segir okkur að kraftaverkin geta alltaf gerst. Einnig fylgja með félagsskírteini til þeirra sem hafa greitt félagsgjöldin.

Með kveðju Stjórn Tilveru

Kraftaverkin gerast

Reynslusaga

Í ágúst 2006 var komið að enn einni meðferðinni. Á rúmlega einu og hálfu ári höfðum við farið í þrjár heilar smásjármeðferðir og áttum við loksins fósturvísa í frysti. Eftir að hafa notið barnlausa lífsins í botn í fríi í útlöndum, vorum við varla lent þegar fyrstu sprautunni var sprautað. Tveir fósturvísar voru teknir út og voru báðir á lífi. Annar fékk tvo í einkunn og var tveggja frumna, hinn hafði misst aðra frumuna sína og fékk bara þrjá í einkunn. Hann fékk þó að fljóta með. Þetta voru lélegustu einkunnir fósturvísa sem við höfðum fengið, en við létum það ekki trufla okkur. Svo var að bíða í endalausar tvær vikur. Þegar seinni vikan var langt komin jókst nú bjartsýnin. Heimaprófið var tekið deginum fyrir blóðprufu og bláu línurnar á prófinu staðfestu grunsemdirnar: Fósturvísi hafði tekist að festa sig!

Á blóðprufudaginn var ótrúlega mikið stress, þó svo að við vissum svarið. En útkoman var **já**, þungunarhormón í 182, sem er bara alveg viðunandi gildi. Prógesterónið var ekki alveg nógu hátt svo það var skipt úr Utrogest stílum yfir í Geston sprautur. Nú fékk að reyna á hjúkkueiginleika eiginmannsins, sem stóð sig eins og hetja. En við vissum af fyrri reynslu að ekki væri sopið kálið þó í ausuna væri komið. Fyrsta meðferðin hafið líka endað með jái, en við misstum fóstrið. Svo engu síður stressandi tími tók nú við. Aftur tvær endalausar vikur fram að fyrsta sónar. Og til að minnka líkur á áfalli gátum við ekki annað en að búast við því versta, ss. tómum fóstursekk eða að það myndi enginn hjartsláttur sjást, en um leið vonuðum við það besta.

En hvað lundin léttist þegar fóstursekkur sást á skjánum sónardaginn. Fóstursekkurinn kom og fór af skjánum, þegar lækurinn var að skoða og svo segir hann svolítið sem við vorum ekki að búast við: „Já, hér eru tveir fóstursekkir, báðir með hjartslætti.“ Og svo náði hann þeim báðum á skjáinn í einu. Hcg gildin bentu engan vegin til þess að von væri á tvíburum og við höfðum ekki búist við að neitt yrði úr fósturvísinum sem var ekki nema ein fruma, því urðum við heldur betur furðu lostin. Tvíburar á leiðinni! Við vorum varla búin að átta okkur á þessum fréttum þegar læknum tókst að reka okkur í rogastans aftur: „Svo virðist annar fósturvísirinn vera búinn að skipta sér. En ég sé reyndar bara einn hjartslátt.“ Svo sýndi hann okkur fóstursekkinn og jú greinilega tvær hrúgur í sekknum! Við reyndum að átta okkur á því sem þetta þýddi: Allavega tvíburar og kannski þríburar á leiðinni. Út af Art medica gékk mjög svo utan við sig þann dag. Nú tók aftur við tveggja vikna bið. Í átta vikna sórnarnum var ekki um að villast: Þrjú blikkandi hjörtu og allt eins og það átti að vera.

Þríburarnir okkar, tveir drengir og ein stúlka, fæddust eftir 28 vikna meðgöngu (þrem mánuðum fyrir tímenn). Því miður fengum við ekki heilt sett til okkar. Annar drengurinn okkar hafði dáið á 24. viku vegna blóðflæðivandamála í fylgjunni, sem getur bara gerst hjá eineggja tvíburum. Það hefur hinsvegar gengið mjög vel með þau tvö sem við fengum lifandi til okkar, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess hve mikilir fyrirburar þau eru. Þetta eru hressir krakkar í dag sem eru á fullu að þroskast og læra á lífið og alveg frábært að fá að fylgjast með því.

Með kveðju, hamingjusamir kraftaverka foreldrar sem geta samt orðið þreyttir og pirraðir ;)